

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu búsvæðis tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) á Hálsu, Djúpavogshreppi.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfissráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2009-2013 og með samþykki landeigenda jarðarinnar Strýtu og Djúpavogshrepps, ákveðið að friðlýsa Hálsa sem búsvæði tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) í samræmi við 3. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í tjörnunum á Hálsu er að finna allar þekktar tegundir vatnaklukkana landsins, en á svæðinu er jafnframt fjölbreytt og gróskumikið lífríki.

Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995, evrópska áætlun um verndun hryggleysingja sem unnin var á grundvelli Bernarsamningsins (Nature and environment No. 145) og 2010 markmið Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi tjarnanna á Hálsu og vernda eina þekktu búsvæði tjarnaklukku hér á landi ásamt öðru lífríki svæðisins í þeim tilgangi að vernda líffræðilega fjölbreytni landsins.

Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði tjarnaklukku sem hefur verið lítt raskað. Vegna náttúrulegs ástands svæðisins er rannsókn- og fræðslugildi þess mikið.

#### 3. gr.

##### *Mörk verndarsvæðisins.*

Mörk verndarsvæðisins eru dregin um 120 m hæðarlínu úr IS-50 kortagrunni Landmælinga Íslands utan um Hálsa, en mörk þess eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali. Heildarflatarmál svæðisins er 146 ha.

#### 4. gr.

##### *Umsjón með hinu friðlýsta svæði.*

Umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis á Hálsu skal vera í höndum Djúpavogshrepps samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem umhverfissráðherra skal staðfesta. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Djúpavogshrepp sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

#### 5. gr.

##### *Fræðsla um verndarsvæðið og verndun hryggleysingja.*

Til að tryggja verndun búsvæðis tjarnaklukku á Hálsu skal efla vitund um og skilning almennings á mikilvægi fyrir verndun hryggleysingja með áherslu á tjarnaklukku svo sem með útgáfu fræðsluefnis. Stuðla skal að aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um verndun búsvæðisins á Hálsu og verndun hryggleysingja í náttúru landsins.

Til að tryggja sem besta verndun svæðisins og eftirfylgni verndunar skal gerð verndaráætlun fyrir svæðið þar sem m.a. verður tekið til vöktunar svæðisins, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Öll nánari útfærsla á verndun og fræðslu fyrir verndarsvæðið á Hálsu skal útfærð í verndaráætlun svæðisins.

## 6. gr.

*Verndun gróðurs og dýralífs.*

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni svæðisins, þar með talið grunnvatn á svæðinu þannig að það geti þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Óheimilt er að gróðursetja trjáplöntur á svæðinu og er notkun áburðar á svæðinu óheimil.

Til að tryggja búsvæðavernd tjarnaklukku og líffræðilega fjölbreytni á verndarsvæðinu skal fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem af gáleysi eða vanþekkingu hafa verið flutt inn á svæðið.

## 7. gr.

*Bann við röskun jarðmyndana og lífríkis.*

Rask á jarðmyndunum, þ.m.t. efnistaka og hvers konar áletranir, eru óheimilar á verndarsvæðinu nema í sérstökum undantekningartilvikum og að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Sama gildir um framkvæmdir sem haft geta í för með sér truflun og/eða eyðileggingu á búsvæði tjarnaklukku svo sem framræsla eða annað jarðrask, breyting á rennsli vatns og vatnsborðshæð. Jafnframt er mannvirkjagerð óheimil á verndarsvæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Við mat á hvort leyfi skuli veitt skal Umhverfisstofnun meta hvort hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 sbr. einnig markmið friðlýsingar þessarar og verndaráætlun fyrir hið friðlýsta svæði. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og álits annarra aðila við leyfisveitinguna eftir því sem við á.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. eru einnig háðar framkvæmda- eða byggingarleyfi Djúpa-vogshrepps eins og nánar greinir í skipulagslögum og lögum um mannvirki.

## 8. gr.

*Umferð í friðlandinu.*

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil á verndarsvæðinu. Almenningsi er heimil för um verndarsvæðið og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið.

## 9. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn auglýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. febrúar 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Sigurður Á. Þráinsson.*

**Fylgiskjal.**

**Tjarnir á Innri-Hálsum, búsvæði tjarnaklukkan**



Mörk verndarsvæðis eru miðuð við 120 m hæðarlínu úr IS-50 kortagrunni Landmælinga Íslands. Flatarmál mælist 1,46 ferkilómetrar (146 hektarar).



**UMHVERFISSTOFNUN**

UST 6. júlí 2010

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2011